

28. febrúar 1978.

163

Nr. 116.

REGLUR

um störf trúnaðarmanna og prófdómara við námsmat í grunnskóla.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Trúnaðarmenn (eftirlitsmenn) og prófdómarar við námsmat í grunnskóla eru skipaðir samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 63/1974 og teljast starfsmenn menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Sami maður getur gegnt bæði störfum trúnaðarmanns og prófdómara ef unnt er að koma því við og það þykir henta.

3. gr.

Greiðslur til trúnaðarmanna og prófdómara fara eftir gjaldskrá, sem menntamálaráðuneytið setur.

II. Trúnaðarmenn.

4. gr.

Trúnaðarmaður skal vera á prófstað meðan samræmd próf fara fram. Honum ber að rjúfa innsigli þeirra í viðurvist skólustjóra eða staðgengils hans u. þ. b. hálfri klukkustund áður en próf hefst, kanna hvort um er að ræða sérstök fyrirmæli varðandi framkvæmd prófsins sem nauðsynlegt er að gera yfirsetumönnum grein fyrir, og ganga úr skugga um að öll prófgögn séu fyrir hendi. Reynist í einhverju áfátt um undirbúning eða framkvæmd prófsins skal trúnaðarmaður sjá um, að ráðin verði bót á því.

5. gr.

Trúnaðarmaður skal í samráði við skólustjóra ganga úr skugga um, að niðurröðun nemenda í stofur sé þannig háttað að nemendur geti ekki lesið milli borða, að yfirsetumenn séu hæfilega margir og sinni starfinu af árvekni.

6. gr.

Trúnaðarmaður skal sjá um að próf hefjist og því ljúki á tilsettum tíma. Ef um er að ræða próf sem eingöngu er dæmt af prófnefnd skal trúnaðarmaður sjá um að senda prófurlausnir til nefndarinnar strax að loknu prófi.

7. gr.

Trúnaðarmaður skal í samráði við hlutaðeigandi skólustjóra úrskurða um sérstök tilvik sem upp kunna að koma varðandi prófið eða framkvæmd þess. Telji trúnaðarmaður og skólustjóri það nauðsynlegt skal haft samráð við menntamálaráðuneytið um lausn vandamálsins.

III. Prófdómarar.**8. gr.**

Prófdómarar starfa aðeins við námsmat í 9. bekk í samræmi við ákvörðun ráðuneytisins þar um hverju sinni, sbr. 61. grein laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

9. gr.

Prófdómari skal kynna sér hvernig námsmati hlutaðeigandi skóla er háttað og gæta þess að það sé í samræmi við ákvæði námsskrár og önnur fyrirmæli þar að lútandi. Prófdómari skal samþykkja skrifleg prófverkefni áður en þau eru lögð fyrir nemendur. Sérstaklega skal þess gætt að prófkröfur séu í samræmi við námsmarkmið. Greini prófdómara og kennara á um einkunn og náist ekki samkomulag skal meðaltal einkunna gilda.

10. gr.

Prófdómari og hlutaðeigandi kennari eru ábyrgir fyrir því að einkunnir séu rétt færðar í spjaldskrá skólans.

11. gr.

Prófdómara er ekki heimilt að taka að sér meiri verkefni en svo, að hann geti með hægu móti annað verkefnum á þeim tíma sem er til umráða. Er þá miðað við, að prófdómari geti skilað alls um 13 vinnustundum á dag að jafnaði.

12. gr.

Vilji nemandi, eða foreldri (forráðamaður), ekki una niðurstöðu námsmats getur hann skotið máli sínu til hlutaðeigandi fræðslustjóra.

IV. Gildistaka.**13. gr.**

Reglur þessar gilda fyrst um sinn þar til öðruvísi kann að verða ákveðið. Jafnframt falla úr gildi reglur um skipun og störf prófdómara við skóla gagnfræðastigsins, nr. 61/1975, svo og önnur ákvæði sem kunna að fara í bága við reglur þessar.

Menntamálaráðuneytið, 28. febrúar 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUR

**fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Eyrarbakka-
hrepps, Selfosshrepps, Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjar-
hrepps, Villingaholtshrepps og Stokkseyrarhrepps.**

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál ofangreindra 7 hreppa hér eftir kölluð skipulagsnefnd er svo skipuð að í henni eiga sæti 8 menn.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar og varamann hans, en að öðru leyti er hún skipuð einum fulltrúa frá hverju hinna 7 framtaldrá sveitarfélaga